



Dalabyggð

## Minnisblað – 1911028

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra og umsjónarmanni framkvæmda

Efni: *Undirbúningur íþróttamannvirkja í Búðardal, hugmyndavinna arkitekta*

Dags.: 11.11.2020

---

Undirbúningshópur vegna íþróttamannvirkja hittist á fundum 1.9.2020 og 27.10.2020. Á fyrri fundinum var ákveðið að hefja vinnu við deiliskipulag og sveitarstjóra og umsjónarmanni framkvæmda falið að ræða við þrjár arkitektastofur um hugmyndavinnu við íþróttamiðstöð. Á síðari fundinum var rætt um umsókn um styrk sem mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsti vegna íþróttamannvirkja (við nánari skoðun reyndist ekki mögulegt að sækja um þennan styrk) og að láta þrjár arkitektastofur vinna hugmyndavinnu með það að markmiða að velja einn. Umsjónarmanni framkvæmda var falið að vinna greinargerð til að senda arkitektastofunum. Greinargerðin var fyrst send fulltrúum í undirbúningshópnum áður en hún var send til arkitektastofanna.

Á grundvelli fyrri samtala og vinnu voru valdir þrír arkitektar til að vinna hugmyndir að hönnun á íþróttamiðstöðvar í Búðardal. Arkitektastofurnar eru Alark, Arkís og Arkþing og fá þóknun fyrir hugmyndavinnuna. Markmiðið er að velja einn þessara aðila til samstarfs við hönnun byggingarinnar á grundvelli þeirra gagna sem þeir skila.

Stofurnar fengu þann 10. nóvember s.l. senda greinargerð með upplýsingum um þarfagreiningu, afstöðu á svæðinu sem um ræðir, bygginguna Dalabúð, með hvaða hætti skila hugmyndunum og hvernig þær verði metnar við val á samstarfsaðila. Þar er opnað á nýtingu kjallaráryma austur- og vesturálmú Dalabúðar og óskað eftir að möguleikar til tenginga milli bygginga (vegna samnýtingar á núverandi sal o.fl.) verði skoðaðir. Val á sérstæðri byggingu er ekki útilokað, meti arkitektarnir það sem hagstæðasta kostinn. Meðfylgjandi greinargerðinni eru ljósmyndir af aðstæðum, teikningar o.fl.

Óskað er eftir tillögum í síðasta lagi 8. desember og verður strax hafist handa við að meta þær í samræmi við forskrift greinargerðar. Stærsti matsþátturinn er kostnaðarmat hverrar tillögu sem verður unnið af óháðri verkfræðistofu. Stefnt er á hægt væri að afgreiða val á arkitekt á fundi sveitarstjórnar í febrúar 2021.